

Málefna- og samstarfssamningur

B- lista Framsóknar og óháðra í Dalvíkurbyggð og K- lista Dalvíkurbyggðar um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 2026-2030.

Meirihlutinn leggur áherslu á aukinn sýnileika og samráð við íbúa sveitarfélagsins, sérstaklega þegar stærri málefni eiga í hlut. Vönduð vinnubrögð og gott samstarf kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins er undirstaða fyrir komandi kjörtímabil svo hægt sé að ná sem bestri nýtingu á fjármunum sveitarfélagsins. Ábyrg fjármálastjórn, bæði í almennum rekstri og í framkvæmdum, er lykilatriði í áframhaldandi uppbyggingu og því viðhaldi sem nauðsynleg er í sveitarfélaginu öllu.

Verkaskipting og nefndarskipan verður með eftirfarandi hætti:

Ákveðið var, strax í upphafi samningsgerðar, að í þeim ráðum sem B-listinn er með formennsku er K-listinn með varaformann og öfugt. Leitast skal við að halda jafnræði í kynjaskiptingu í nefndum og ráðum. Samkomulag er á milli flokkanna um að varamenn séu kallaðir til þvert á samstarfslistana ef til þess kemur að það vanti fulltrúa frá öðrum listanum til að manna fundi.

Forseti sveitarstjórnar: Monika Margrét Stefánsdóttir (B)

Formaður Byggðaráðs: Helgi Einarsson (K)

Fjölskylduráð (B)

Framkvæmdaráð (K)

Veitu- og hafnaráð (K)

Stjórn Dalbæjar (K)

Sveitarstjóri:

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Byggðaráð

Áfram verður unnið að ábyrgri fjármálastjórn og heilbrigðum rekstri sveitarfélagsins.

Halda álögum á íbúa og fyrirtæki í lágmarki.

Efla verkefnastýringu, samráðsferla og skilvirkni stjórnsýslunnar.

Auka gagnsæi, upplýsingaflæði og íbúalýðræði í sveitarfélaginu.

Framtíð byggðasafns – áfram unnið að því að finna byggðasafninu framtíðarstaðsetningu.

Unnið verður að málefnum Gamla skóla.

Styrkja enn betur uppbyggingu mannauðsmála þannig að starfsánægja og vellíðan starfsfólks Dalvíkurbyggðar verði betri.

Stuðlað verði að frjóum jarðvegi fyrir atvinnulíf og ferðaþjónustu, með því að viðhalda sterkum innviðum, og unnið verður áfram að því að styrkja ímynd byggðarkjarna í Dalvíkurbyggð sem og dreifbýli.

Efla menningarstarfsemi með því að styrkja við faglegt starf innan Menningarhússins Bergs og endurvekja menningarþing og barnameningarhátíð.

Halda áfram viðræðum við leigufélög til þess að hefja uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Öldungaráð verði að fastanefnd innan sveitarfélagsins.

Efla upplýsinga- og kynningarmál.

Auka fjármagn til viðhalds á eignum sveitarfélagsins.

Efla aðkomu ungmenna að málefnum sveitarfélagsins með því að styrkja ungmennaráð með sameiginlegum fundum byggðaráðs.

Mikilvægt að styðja enn frekar við björgunarsveitina og unglíngastarf hennar.

Fjölskylduráð

Efla áfram frístundastarf eftir skóla og á sumrin með sumarnámskeiðum, sumarfrístund verði í boði fyrir börn sem eru að hefja skólagöngu.

Hækka frístundastyrk.

Vinna í að efla samstarf íþróttafélaganna og skoða ráðningu á sameiginlegum framkvæmdastjóra.

Setja á fót tilraunaverkefni með tólmstundaráttu, byrja á aðgengi að félagsmiðstöðinni fyrir börn/ungmennni sem búa í póstnúmeri 621.

Meta verkefnið gjaldfrjáls leikskóli.

Áframhaldandi stuðningur við skólastofnanir í Dalvíkurbyggð til þess að halda uppi öfluggu og faglegu starfi.

Efla verkefnið „Gott að eldast“ og festa það í sessi.

Styðja við og efla samvinnu við félag eldri borgara.

Skoða möguleika á iðju og finna henni viðeigandi húsnæði.

Efla Dalvíkurbyggð sem fjölmenningsarsamfélag.

Framkvæmdarráð

Deiliskipuleggja og auka framboð atvinnulóða í sveitarfélaginu.

Bjóða út og byggja nýja slökkvistöð.

Leggja áherslu á uppbyggingu leiksvæða í sveitarfélaginu ásamt því að endurhanna leiksvæðin á Árskógssandi og Hauganesi.

Halda áfram með uppbyggingu hjólastígs milli Árskógsstrandar og Dalvíkur. Byrja á að tengja saman Árskógssand og Hauganes með hjólastígum.

Vinna áhættumat fyrir hættuleg gatnamót í sveitarfélaginu.

Deiluskipuleggja höfnina á Árskógssandi.

Áframhaldandi hönnun um miðbæ Dalvíkur.

Fara í hönnun og byggingu á brú við hitaveitustokkinn.

Eiga í virku samtali við Vegagerðina og stjórnvöld um vegaframkvæmdir í framdöllum og dreifbýli sveitarfélagsins, uppbyggingu ferjuhafna og lýsingu í þéttbýli þar sem upp á vantar.

Hlúa að ásýnd og umhirðu sveitarfélagsins.

Veitu- og hafnaráð

Veitur Dalvíkurbyggðar verða í eigu sveitarfélagsins.

Tryggja innviði veitumála svo hægt sé að skapa öryggi fyrir íbúa og atvinnustarfsemi í framtíðinni.

Vinna að áframhaldandi umbótum í fráveitumálum sveitarfélagsins.

Ákvarðanatataka varðandi hafnamál verður með hagsmuni Dalvíkurbyggðar að leiðarljósi.

Aðstaða fyrir starfsmenn hafnanna verði byggð upp á grunni eldri hafnarskúrs, eftir nýjum teikningum.

Skoða ráðningu á veitustjóra.

Stjórn Dalbæjar

Vinna að sjálfbærum rekstri Dalbæjar.

Standa vörð um hjúkrunarheimilið Dalbæ.

Styðja Dalbæ í að halda utan um verkefnið „Gott að eldast“.

Undirbúningsvinna fyrir stækkun Dalbæjar í samráði við fjárveitingarvald málaflokksins.

Að öðru leyti er vísað í stefnuskrár beggja framboða fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 16. maí 2026.

Samkomulag þetta er staðfest með undirritun oddvita B- og K- lista.

Dalvíkurbyggð 29. maí 2026.

Monika Margrét Stefánsdóttir (B)



Helgi Einarsson (K)

